



Umræðuskjal nr. 3/2006

**Drög að breytingu á reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall
fjármálafyrirtækja**

Skjal þetta er sent til fjármálafyrirtækja til umsagnar.
Það verður einnig birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) þar sem öllum gefst
kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til 18. september 2006

30. ágúst 2006

1. Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur haft til skoðunar meðferð fjármálafyrirtækja á svonefndum framvirkum samningum um hlutabréfakaup í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja. Í framkvæmd hefur ákvæðum 1. mgr. 14. gr. reglnanna verið beitt við útreikning á útlánaígildi umræddra samninga, sbr. útreikning á útlánaígildi hlutabréfasamninga samkvæmt *Aðferð 1: Markaðsvirði*.

Fjármálaeftirlitið telur að samningur við viðskiptamann sem felur í sér loforð um kaup hans á hlutabréfum á tilteknu gengi til afhendingar síðar teljist ekki vera afleiðusamningar í skilningi tilvitnaðrar greinar reglnanna. Samningar þessir af hálfu fjármálafyrirtækja eru hvorki stöðutaka á markaði né til þess fallnir að verjast áhættu heldur eru þeir eftirlíkingar útlána. Samningsfjárhæðin ber alla jafna ákveðna vexti til uppgjörsdags og fjármálafyrirtækið kaupir undirliggjandi eign strax í upphafi til að tryggja sig gegn markaðsáhættu af hlutabréfunum. Áhætta fjármálafyrirtækisins verður þá sambærileg og ef lánað hefði verið til hlutabréfakaupanna með sama gjalddaga og afhendingardagur framvirka samningsins (samningarnir hafa ennfremur sömu áhrif á sjóðsstreymi fjármálafyrirtækisins og ef um lán væri að ræða). Þar af leiðandi er það mat Fjármálaeftirlitsins að meðhöndla skuli samninga þessa í útreikningi á áhættugrunni á sama hátt og um eiginlegt lán til hlutabréfakaupa sé að ræða.

Til að taka af allan vafa í þessu efni leggur Fjármálaeftirlitið til að sérstakri málsgrein verði bætt við 14. gr. reglnanna um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja sbr. eftirfarandi 1 gr. breytingarreglnanna.

2. Drög að breytingu á reglum:

Drög að breytingu á reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Ný málsgrein bætist við 14. gr. reglna nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja sbr. eftirfarandi:

Samningur við viðskiptamann sem felur í sér loforð um kaup hans á hlutabréfum á tilteknu gengi til afhendingar síðar telst ekki vera afleiðusamningur samkvæmt þessari grein. Hlutabréfastaða fjármálafyrirtækis til að verjast markaðsáhættu vegna slíks samnings skal reiknast sem ígildi lánaáhættu sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. Óvarin staða vegna slíks samnings skal reiknast með sama hætti og hlutabréfaáhætta.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitið, xx. yyy. 2006